

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sæbýli ehf. Eyrarbakka Búðarstíg, Eyrarbakka



Dags eftirlits	1.6.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Sæbýli ehf. Eyrarbakka	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Búðarstíg 24	Tegund eftirlits	Lokunareftirlit
Kennitala	521007-0600	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Ásgeir E. Guðnason	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Arnþór Gústafsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik frá kröfum starfsleyfis kom fram er varðar að ekki var tilkynnt um rekstrarstöðvun þegar rekstri í stöðinni var hætt. Engin ábending var sett fram.

Staðfest er að allri starfsemi hefur verið hætt í stöðinni og hefur henni lokað. Húsnæði og lóð hefur verið afhent nýjum aðilum.

UMFANG EFTIRLITS

Um litla landeldisstöð í sæeyrnaeldi er að ræða með eldisaðstöðu innandyrja. Stöðin stendur við hafnargarðinn á Eyrarbakka og rennur frárennslið í frárennsliskerfi bæjarins.

Stöðinni var lokað í júní 2022 og öll starfsemi rekstraraðila flutt í nýtt húsnæði í Grindavík.

Rekstraraðila láðist að láta eftirlitsaðila vita um stöðvun rekstursins skv. gr. 2.8 í starfsleyfi, en þar er kveðið á um að verði rekstri hætt skal rekstraraðili, í samráði við eftirlitsaðila, ganga þannig frá athafnasvæði og búnaði að hvorki mengunar- né slyshætta skapist. Í gr. 1.4 er einnig tekið fram að breytingar á rekstri skuli tilkynna til leyfisveitanda. Er það því skráð sem frávik.

Húsnæði og lóð rekstraraðila hefur nú verið afhent þriðja aðila og því var ekki farið í eiginlegt lokunareftirlit með stöðinni. Engar kvartanir hafa þó borist frá þeim aðila sem tók við aðstöðunni og því er gert ráð fyrir að frágangur hafi verið ásættanlegur. Niðurstöður eftirlita síðustu ára gefa ekki ástæðu til að ætla að um mengun á lóðinni hafi verið að ræða og eldisbúnaður utandyra var enginn. Því er frávikinu lokað og ekki verður farið í eftirfylgni vegna þess.

Frávik frá

Lýsing á frávik

Gr. 1.4 og 2.8 í starfsleyfi.

Rekstraraðila láðist að láta eftirlitsaðila vita um stöðvun rekstursins. Húsnæði og lóð rekstraraðila hefur nú verið afhent þriðja aðila og engar athugasemdir hafa borist vegna þess. Ekki þykir ástæða til að ætla að um mengun á lóðinni hafi verið að ræða og eldisbúnaður utandyra var enginn. Því er frávikinu lokað og ekki verður farið í eftirfylgni vegna þess.

ÁBENDINGAR

Engin ábending er sett fram.


ANNAÐ

Starfsleyfið var gefið út af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands þann 14. apríl 2011 og gildi til 14. apríl 2023. Starfsleyfið er því fallið úr gildi.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 19.06.2023



Guðbjörg Stella Árnadóttir

